

## HPE-2017-02 Hljóðfærasafn í Sæborg

Umsækjandi er Leikklúbburinn Krafla. Verkefnið snýst um að koma Hljóðfærasafni Gunnars Tryggvasonar, sem í dag er geymt í fyrrverandi fiskverkunarhúsi í Hrísey, fyrir í Sæborg. Húsið er byggt árið 1910 og hýsir yfir 100 ára sögu í menningarlífi eyjarinnar og því tilvalið að staðsetja þar hljóðfæri til sýningar. Verkefnið myndi að sjálfsögðu bæta við afþreyingu í eyjunni og efla samstarf og samstöðu. Það hefur verið vandamál Kröflu undanfarin ár að fá einhver rekstur í húsið og er þetta því kærkomin viðbót. Má segja að verkefnið falli undir að vera þróunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu, en líka samfélagsefandi verkefni því til stendur að koma þessu vel á framfæri innan skólasamfélagsins því þarna yrði fræðsla í boði og einnig væri hægt að halda tónleika.

Verkefnið fellur vel að markmiðasetningu byggðapróunarverkefnisins þegar kemur að fjölbreytni í þjónustu og afþreyingu auk þess sem verkefnið er samfélagslega eflandi.

Verkefninu var úthlutað 220.000 kr.- árið 2017.